



Selfossi 13.apríl 2021

Fundargerð stjórnar

15. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn þriðjudaginn 13. apríl 2021, kl. 8.15 í fjarfundi.

Mætt: Eypór H. Ólafsson, formaður, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Ingibjörg Harðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.

1. Staðan á ársreikningagerð BÁ vegna ársins 2020

Pétur sagði frá því að vinna við ársreikning og endurskoðun væri í fullum gangi. KPMG annast endurskoðunina nú sem fyrr.

2. Björgunarmiðstöð á Flúðum, staða

Pétur hafði samband við byggingafræðing og fékk áætlaðan byggingarkostnað miðað við fullbúið hús, sú áætlun var töluvert hærri en gert var ráð fyrir. Hluti BÁ í byggingunni væri um 60-65%. Umræður um að fá tilboð frá fleiri aðilum og undirbúa fyrir vorfund Héraðsnefndar. Pétri falið að ræða við fleiri aðila og fá tilboð.

3. Slökkvistöðvarmál á Laugarvatni

Slökkvistöðin á Laugarvatni er í rými á neðri hæð hússins að Dalbraut 12 sem er í eigu Bláskógabyggðar. Nú standa til breytingar á húsnæðinu, annað hvort hyggst Bláskógabyggð nýta það allt eða selja það og flytja starfsemi annað. Samþykkt að athuga hvaða kostir eru í stöðunni varðandi nýja slökkvistöð á Laugarvatni.

4. Önnur mál

- a. Pétur kynnti útkallstöðfræði fyrir árið 2020.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 9:00